

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2018, miðvikudaginn 14. nóvember kl. 9:06 var haldinn 17. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Sigurborg Ó. Haraldsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Eypór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúarnir Daniel Örn Arnarsson, Baldur Borgþórsson, Ásgerður Jóna Flosadóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Rúnar Hermannsson, Sonja Wiium, og Sigurjóna Guðnadóttir. Fundaritari er Erna Hrönn Geirsdóttir

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. Bríetartún 3-5, breyting á deiliskipulagi (01.22) Mál nr. SN180596
530416-0890 J.E. 101 ehf., Stórhöfða 33, 110 Reykjavík
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. ágúst 2018 var lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 22. ágúst 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits 1.220.0 vegna lóðarinnar nr. 3-5 við Bríetartún. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit til norðausturs og auka nýtingarhlutfall þannig að heimilaðar verði þrjár hæðir með inndreginni þakhæð sem snýr að Bríetartúni, en fimm hæðir að aukinni inndreginni þakhæð á norðaustur hluta lóðar, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 22. ágúst 2018. Einnig er lagt fram bréf THG Arkitekta ehf. dags. 22. ágúst 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Freyr Frostason frá THG Arkitektum ehf. og Jens Sandholt frá Frímúrarareglunni taka sæti undir þessum lið.

2. Austurbakki 2, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN180703
vegna Landsbanka
471008-0280 Landsbankinn hf., Austurstræti 11, 155 Reykjavík
690906-1390 Batteríið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. október 2018 var lögð fram umsókn Sigurðar Einarssonar dags. 8. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar vegna lóðarinnar nr. 2 við Austurbakka. Í breytingunni felst að hámarkskvótar byggingar á byggingarreit 6 hækka allir um 0,9 m., samkvæmt uppdr. Batterísins arkitekta ehf. dags. 2. október 2018. Einnig er lagt fram samþykki lóðarhafa mótt. 9. nóvember 2018. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs. Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Halldóra Vífilsdóttir frá Batteríið Arkitektar ehf. tekur sæti undir þessum lið.

3. Hverfisgata 41, breyting á deiliskipulagi (01.152.4) Mál nr. SN170824

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lagt fram að nýju erindi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar mótt.2. nóvember 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skuggahverfis vegna lóðarinnar nr. 41 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall lóðarinnar er hækkað, fjölga íbúðum í húsinu í þrjár, ein á hverri hæð (utan kjallara) og ein í risi, og koma fyrir svölum á norðurhlið hússins, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Stiku dags. 1. nóvember 2017. Einnig er lagt fram samkomulag Reykjavíkurborgar og Sjens vegna byggingarréttar við Hverfisgötu 41 dags. 31. október 2016 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 11. desember 2017. Tillagan var auglýst frá 5. janúar 2018 til og með 16. febrúar 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigurjón Gunnsteinsson dags. 27. janúar 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. nóvember 2018.

Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur, fulltrúa Samfylkingar Aronar Levís Becks og Hjálmars Sveinssonar og fulltrúa Viðreisnar Gunnlaugs Braga Björnssonar, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eypórs Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerðar Sigurðardóttur sem sitja hjá.

Vísad til Borgarráðs

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eypór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir og bóka: Óskað er eftir öllum fyrri gögnum varðandi Hverfisgötu 41, þar með talið þær forsendur sem lágu til grundavallar samkomulags við einkahlutafélagið "Sjens ehf." um keyptan byggingarrétt. Ennfremur er óskað eftir skýringum á mismun verðmats byggingarréttar (45m) og heildarfjárhæðar sem borgin samþykkti að greiða (63m).

- Kl. 10.00 vikur Kristín Soffía Jónsdóttir af fundi.
- Kl. 10.00 tekur Aron Leví Beck sæti á fundinum.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti undir þessum lið.

4. Fossvogur brú, deiliskipulag (01.8) Mál nr. SN160764

Lögð fram tillaga deiliskipulagi ásamt greinargerð dags. 1. október 2018 vegna lagningu brúar yfir Fossvog. Tillagan gerir ráð fyrir lagningu vegar fyrir almenningssamgöngur, hjólastígs og göngustígs, sem tengir saman Reykjavík og Kópavog yfir Fossvog. Tillagan gerir einnig ráð fyrir landfyllingu undir sitthvorum brúar-endanum. Einnig er lagt fram minnisblað EFLU dags. 26. apríl 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísad til Borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eypór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir og bóka: Mikilvægt er að væntanleg samgöngutenging með brú yfir Fossvog nýtist sem best fyrir fjölbreyttan ferðamáta. Samflot 3ja og fleiri er liður í að minnka álag á gatnakerfið. Rétt væri að kanna áhrif þess að leyfa samflot í tengslum við brú yfir Fossvog hvað varðar álag í umferðarmódeli. Hér er tækifæri til að hvetja fólk til samflots með jákvæðum hætti. Þá liggur ekki fyrir hvernig staðið verður að fjármögnun um mannvirkið sem talið er að kosti 2.500 milljónir.

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka: „Fossvogsbrúin verður mikil samgöngubót á höfuðborgarsvæðinu. Hún hefur frá upphafi verið hugsuð þannig að hún nýtist

einungis vistvænum ferðamátum. Flutningsgeta hennar verður mikil. Ljóst er að akreinar fyrir Borgarlínu, hjólandi og gangandi vegfarendur geta flutt mun fleira fólk en akreinar fyrir bíla.“

Þóra Kjarval frá Eflu tekur sæti undir þessum lið.

5. Fossvogshverfi - Stjörnugróf 7-11, (01.85) Mál nr. SN160479
breyting á deiliskipulagi
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga skrifstofu eigna og atvinnuþróunar varðandi breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðanna nr. 7-11 við Stjörnugróf. Í breytingunni felst afmörkun lóða fyrir Stjörnugróf 7 og 9 og gera nýja lóð fyrir Stjörnugróf 11 þar sem heimilt verður að byggja íbúðarkjarna fyrir fatlaða einstaklinga á vegum velferðarsviðs Reykjavíkur, samkvæmt uppd. A2A arkitekta dags. 2. ágúst 2018. Tillagan var auglýst frá 19. september 2018 til og með 31. október 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Soffía D. Halldórsdóttir dags. 27. október 2018 og Veitur dags. 1. nóvember 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. nóvember 2018 og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2018.
Vísað til Borgarráðs

6. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Mál nr. SN010070
Reykjavíkur, fundargerðir

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. nóvember 2018.

7. Sundahöfn, norðan Vatnagarða, breyting (01.332) Mál nr. SN180743
á deiliskipulagi
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Faxaflóahafna sf. dags. 24. október 2018 ásamt bréfi dags. 24. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vatnagarða vegna Sundahafnar. Í breytingunni felst að skilgreina tvo byggingarreiti á lóð Sægarða 9, stækka og breyta sérskilmálum fyrir lóð Sægarða A og gera nýjar lóðir fyrir dreifistöð Sægarðar 13 og spennistöð Sægarðar 17, samkvæmt uppd. Arkís arkitekta ehf. dags. 15. október 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til Borgarráðs

Björn Ingi Edvaldsson tekur sæti undir þessum lið.

8. Kvosin, Landssímareitur, Kæra, Mál nr. US180368
úrskurður 21/2018

Lagður fram úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 8. nóvember 2018 þar sem tekið var fyrir mál nr. 21/2018, kæra á samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur frá 8. nóvember 2017 um breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna Landssímareits. Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni vegna aðildarskorts.

9. Laugarnesvegur, úrskurður kæru 98/2017 Mál nr. US180370

Lagður fram úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 8. nóvember 2018 þar sem ákveðið var að hafna kröfu um ógildingu byggingarleyfis fyrir skúr á lóðinni nr. 83 við Laugarnesveg og beitingu þvingunarúrræða. Fell er úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 3. ágúst 2017, um að hafna kröfu um beitingu þvingunarúrræða vegna ástands raflagna í sameign fasteignar að Langholtsvegi 83 í Reykjavík. Kærumáli þessu er að öðru leyti vísað frá úrskurðarnefndinni.

(B) Byggingarmál

10. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, fundargerð Mál nr. BN045423

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 996 frá 6. nóvember 2018.

- Kl. 10.46 vikur Aron Leví Beck af fundi.
- Kl. 10.46 tekur Kristín Soffía Jónsdóttir sæti á fundinum.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

11. Hagatorg, nýjar göngubveranir merktar með gangbrautarmerkingum Mál nr. US180339

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 5. nóvember 2018 þar sem lagt er til að útbúnar verði göngubveranir yfir Hagatorg og þær merktar sem gangbrautir með tilheyrandi yfirborðsmerkingu. Frestað.

12. Jaðarleiti, bann við að leggja Mál nr. US180363

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 8. nóvember 2018 þar sem lagt er til bann við því að leggja við norðurkant frá lóðamörkum Efstaleitis 1 að Efstaleiti.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

13. Strætó, breytingar á leið 14 Mál nr. US180365

Lagt fram minnisblað Strætó dags. 2. október 2018 varðandi breytingar á leið 14 samhliða lokun Gömlu Hringbrautar. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 9. nóvember 2018.

Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur, fulltrúa Samfylkingar Kristínar Soffíu Jónsdóttir og Hjálmars Sveinssonar og fulltrúa Viðreisnar Geir Finnsson, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir sitja hjá. Skipulags- og samgönguráð bókar: "Það er nauðsynlegt að gera leiðarkerfi Strætó skilvirkara og notendavænna. Breytingar á leið 14 eru gerðar til þess að auka áreiðanleika og draga úr seinkunum sem hafa verið á annatíma. Breytingin felur í sér að leið 14 hættir að þjónusta Landspítalann, því er nauðsynlegt að skoða breytinguna í samhengi við aðrar breytingar á þjónustu Strætó við Landspítalann á framkvæmdatíma."

- Kl. 11.05 vikur Gunnlaugur Bragi Björnsson af fundi.
- Kl. 11.05 tekur Geir Finnsson sæti á fundinum.

14. Jólaborgin 2018, kynning Mál nr. US180340

Kynnt uppsetning á jólaskreytingum 2018

Edda Ívarsdóttir tekur sæti undir þessum lið.

15. Aðventa á göngugötu, tillaga Mál nr. US180371

Lagt er til að göngugötur verði opnaðar í miðborg Reykjavíkur á aðventunni 2018. Meðfylgjandi er tillaga dags. 15. nóvember 2018 með götum og dagsetningum.

Samþykkt er tillaga að göngugötum dags. 15. nóvember 2018.

Vísað til Borgarráðs

Edda Ívarsdóttir tekur sæti undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

16. Hólmsheiði, athafnasvæði, lóðarvilyrði til (04.4) Mál nr. SN180328
Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf.
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. maí 2018 var lagður fram tölvupóstur skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 2. maí 2018 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa á erindi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 26. apríl 2018 um lóðarvilyrði til Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. á athafnasvæðinu á Hólmsheiði. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra skipulagsfulltrúa, deildarstjóra aðalskipulags og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 25. maí 2018, minnisblaði skrifstofu umhverfisgæða dags. 1. júní 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. júní 2018.

Samþykkt er umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. júní 2018.

Björn Ingi Edvaldsson tekur sæti undir þessum lið.

17. Strætó Mál nr. US180127

Lagt fram bréf hverfisráðs Hlíða dags. 23. mars 2017 varðandi akstur Strætó um hverfið. Einnig lögð fram hugmynd um hringakstur Strætó ásamt sameiginleg bókun hverfisráða í Háaleiti/Bústöðum, Laugardal og Hlíðum.

Vísað til Strætó bs. til umsagnar.

18. Skipulags- og samgönguráð, jól 2018 Mál nr. US180341

Lagt er til að fundir skipulags- og samgönguráðs falli niður 19. desember 2018 og 2. janúar 2019.

Samþykkt

19. Skipulags- og samgönguráð, samþykktir Mál nr. US180337

Kynnt drög að samþykktum fyrir skipulags- og samgönguráð.

Samþykkt með þeim breytingum sem komu fram á fundinum.

20. Umhverfis- og skipulagssvið, Mál nr. US130045
innkaupaskýrsla (USK2015020003)

Lagt fram yfirlit yfir viðskipti umhverfis- og skipulagssviðs við innkaupadeild í október 2018.

21. Fyrirspurn frá Sjálfstæðisflokki, Mál nr. US180316
Upplýsingar um arkitektastofur og verkfræðistofur

Óskað er upplýsinga um allar þær arkitektastofur og verkfræðistofur sem SEA og umhverfis- og skipulagssvið hafa átt viðskipti við frá árinu 2013. Óskað er eftir sundurliðuðu yfirliti yfir einstök verkefni sem þessum aðilum hafa verið falin auk kostnaðar.

Vísað til umsagnar Skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar og Umhverfis- og skipulagssviðs.

22. Tillögur fulltrúa Sósíalistasflokksins, Mál nr. US180374
Tillögur um umferðaröryggi við Múla

1. Tillaga um að öryggi gangandi vegfarenda verði bætt á gatnamótum Suðurlandsbraut/Vegmúla

Gönguljósir yfir Suðurlandsbraut eru mjög stutt svo að fullorðið nær tæplega yfir hvað þá börn. Einnig keyrir fólk mjög hratt niður úr Vegmúla og spurning um hvort það þurfi ekki að útfæra þessar gangbrautir betur

2. Tillaga um að bæta öryggi gangandi vegfarenda við hjólastíg í Laugardal neðan við Vegmúla.

Börn og fullorðnir sem sækja sér þjónustu í laugardalinn upplifa mörg mikið óöryggi þegar kemur að hjólastignum fyrir neðan Vegmúla og þá sérstaklega á sumrin þegar gróður skyggir mjög mikið á útsýni. Einnig hjóla mörg börn þarna niður og þau eru ekkert endilega að hægja á sér. Annað hvort þyrfti að unirbúa einhverskonar brú/göng eða að öðrum kosti fjarlægja töluvert magn af gróðri.

3. Tillaga að undirbúið verði heildar endurskipulag á gangstéttum og gönguleiðum í Síðumúla/Ármúla/Vegmúla.

Umferðaröryggi gangandi vegfarenda í múlunum er mjög ábótavant. Bæði er mjög erfitt að ganga þarna um með vagna og kerrur einnig vantar gangstéttar á rökréttum stöðum eins og í Vegmúla við smurstöðina. Margir foreldrar upplifa mikið óöryggi við að senda börnin sín í tómstundaiðkun.

Vísað til umsagnar Umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra.

- Kl. 11.46 vikur Daníel Örn Arnarsson af fundi eftir umræðu.

23. Tillaga borgarráðsfulltrúa Mál nr. US180298
Sjálfstæðisflokksins,
umferðarkoddar/gangbrautir

Lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í skipulags og samgönguráði - Óskað er eftir því að umferðakoddar verði fjarlægðir af Strandvegi og settar verði upp gangbrautir líkt og skýrsla er unnin var af umferðaröryggishóp hverfisráðs Grafarvogs leggur til. Einnig er lögð fram greinargerð og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 6. nóvember 2018.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur, fulltrúa Samfylkingar Kristínar Soffíu Jónsdóttir og Hjálmars Sveinssonar og fulltrúa Viðreisnar Geir Finnsson, gegn þremur atkvæðum

fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Eypórs Laxdal Arnalds, Hildi Björnsdóttir og Valgerðar Sigurðardóttur.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eypór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir bóka: Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði þakka fyrir góða vinnu við það að afla svara við fyrirspurninni. Það er áhugavert að sjá að þó svo gripið hafi verið til þess að setja umferðarkodda þá eru 40% sem aka yfir löglegum hámarkshraða. Því væri gott að skoða hvort aðrar lausnir væru ekki heppilegri á þessum stað líkt og bent var á í tillögunni.

24. Tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, Mál nr. US180283
Stórhöfði 45

Lögð fram tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins þar sem lagt er til að þegar verði ráðist í malbikun, gerð gangstétta, lýsingu og annars frágangs á vegakafli við Stórhöfða 45, en þar stendur nú sjúkrahús SÁA. Einnig er lögð fram greinargerð. Einnig er lagður fram tölvupóstur SÁA dags. 31. október 2018.
Frestað

25. Tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, Mál nr. US180259
gerð Sundarbrautar/ Sundagangna

Lögð fram tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins.
"Miðflokkurinn leggur til að tafarlaust verði hafnar samræður við Vegagerð Ríkisins um gerð Sundarbrautar/ Sundagangna".
Einnig er lögð fram greinargerð og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 5. október 2018 .
Frestað

26. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US180231
möguleika á flutning nýbyggingar
Dalskóla vegna spennistöðvar
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að kanna möguleika á flutning nýbyggingar Dalskóla vegna spennistöðvar. Lagt fram svar SEA.

(D) Ýmis mál

27. Hlíðarendi, breyting á deiliskipulagi (01.62) Mál nr. SN180360
491299-2239 Valsmenn hf., Laufásvegi Hlíðarenda, 101 Reykjavík
501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 1. nóvember 2018 um samþykki borgarráðs dags. 25. október 2018 vegna breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda.

28. Klausturstígur 1-11 og Kapellustígur 1- (05.130.4) Mál nr. SN180357
13, breyting á deiliskipulagi
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
700707-0750 Byggingafélag námsmanna ses., Pósthólf 5480, 108 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 1. nóvember 2018 um samþykki borgarráðs dags. 25. október 2018 vegna breytingu á deiliskipulagi námsmannagarða við Klausturstíg 1-11 og Kapellustígur 1-13.

29. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Mál nr. SN180664
veitingastaðir, breyting á aðalskipulagi
Reykjavíkur

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 5. nóvember 2018 um samþykki borgarráðs dags. 1. nóvember 2018 varðandi breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur þar sem bætt er ákvæði um möguleg frávik frá almennum viðmiðum um opnunartíma veitingastaða

30. Snorrabraut 60, breyting á deiliskipulagi (01.193.4) Mál nr. SN180076
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
440417-1240 Snorrahús ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 5. nóvember 2018 um samþykki borgarráðs dags. 1. nóvember 2018 um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 60 við Snorrabraut.

31. Suður Mjódd, breyting á deiliskipulagi (04.91) Mál nr. SN180140

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 1. nóvember 2018 um samþykki borgarráðs dags. 25. október 2018 vegna breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar.

32. Laugavegur 95-99, kæra 122/2017, (01.174.1) Mál nr. SN170791
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 13. október 2017 ásamt kæru, þar sem kærð er álagning bílastæðagjalds vegna viðbyggingar við fasteignina Laugavegur 95-99. Einnig er lögð fram umsögn borgarlögmanns dags. 14. ágúst 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 8. nóvember 2018. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

33. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks
Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði óska eftir því að Reykjavíkurborg hefji viðræður við Vegagerðina um það að bæta öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda í Reykjavík.
Vísad til samgöngustjóra til meðferðar.

**Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl. 12.10**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Geir Finnsson
Hjálmar Sveinsson
Hildur Björnsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Eypór Laxdal Arnalds
Valgerður Sigurðardóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp
borgarstjórnar**

Árið 2018, þriðjudaginn 13. nóvember kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 997. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Olga Hrund Sverrisdóttir, Erna Hrönn Geirsdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Sigríður Maack, Lulu Munk Andersen og Jón Hafberg Björnsson. Fundsritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Almannadalur 1-7 (05.865.701) 209396 Mál nr.
BN055154
300182-4969 Þórunn Helga Sigurðardóttir, Friggjarbrunnur 25, 113 Reykjavík
110275-2939 Axel Kjartan Baldursson, Friggjarbrunnur 25, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að opna milli eignarhluta 0104 og 0105 á efri hæð, byggja steiptan stiga úr rými 0101 upp á efri hæð, svalir á norðurhlið ásamt því að breyta innra skipulagi í rými 0101 og 0104 í hesthúsi nr. 5 á lóð nr. 1-7 í Almannadal. Erindi fylgir samþykki meðeigenda áritað á uppdrátt.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
2. Almannadalur 17-23 (05.865.301) 208505 Mál nr.
BN055392
200867-3869 Vilhjálmur Páll Einarsson, Þýskaland, Sótt er um leyfi til að aðskilja byggingaleyfi BN0???? fyrir rýmið 0102 og breyta innraskipulagi hesthússins á lóð nr. 17 við Almannadal.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
3. Austurbakki 2 Hafnartorg (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN055420
430214-0120 Ueno ehf., Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta skrifstofur í hluta 5. hæðar í byggingu L1 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
4. Álfheimar 49 (01.438.004) 105393 Mál nr.
BN055246
500269-3249 Ólíuverzlun Íslands hf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir tveimur hraðhleðslustæðum fyrir rafmagn á austur hluta lóðar nr. 49 við Álfheimar.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

5. Ármúli 5 (01.262.002) 103514 Mál nr.
BN055386
421210-0710 B-29 Invest ehf, Ármúla 5, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi og stækka núverandi hótél um 27 herbergi, gera nýja móttöku og matsal í húsi á lóð nr. 5 við Ármúla.
Stækkun:
Afrit af tölvupósti frá framkvæmdarstjóra Prófasts ehf., dags. 19. október 2018, bréf hönnuðar með útskýringum á úrbótum vegna athugasemda, dags. 7. nóvember 2018 og undirritað samþykki 2ja meðeigenda á lóð mótt. 9. nóvember 2018, fylgir erindinu.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
6. Ásvegur 11 (01.353.121) 104239 Mál nr.
BN054831
291278-5909 Auður Jóna Erlingsdóttir, Ásvegur 11, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja hæð ofaná hús, byggja svalir og utanáliggjandi stigahús, skipta húsi í tvær eignir og innréttu geymslur í bílskúr húss á lóð nr. 11 við Ásveg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. júlí 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2018.
Stækkun: 70,2 ferm., 154,3 rúmm.
Stærð húss eftir stækkun: 210,6 ferm., 447,1 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. nóvember 2018 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
7. Bárugata 23 (01.135.501) 100495 Mál nr.
BN055403
311251-3929 Svana Friðriksdóttir, Bárugata 17, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við suðausturhlíð einbýlishúss á lóð nr. 23 við Bárugötu.
Stækkun: 43,1 ferm., 125 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
8. Bergþórugata 15 (01.190.221) 102424 Mál nr.
BN055436
580997-2609 Næði ehf., Beykihlíð 2, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að setja svalir og koma fyrir hurð á íbúð 0201 og flóttapall á íbúð 0101 á norður hlið hússins á lóð nr. 15 við Bergþórugötu.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
9. Bíldshöfði 9 (04.062.001) 110629 Mál nr.
BN055439
680510-1720 Hjúkrunarform ehf., Laugalind 8, 201 Kópavogur

510315-2860 Opus fasteignir B9B ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0106 og koma þar fyrir líkamsræktarstöð í húsi á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.

10. Blikastaðavegur 2-8 (02.496.101) 204782 Mál nr.
BN055426

581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta rými á milli mátlína 6 til 10 rými D þannig að núverandi glerfrontur verður fjarlægður, gluggum og hurðum í mátlínu D verður breytt til samræmis við stafsemina og starfsmannaaðstaða er endurnýjuð í húsinu á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg.
Bréf frá hönnuði dags. 1. nóvember 2018 og greinagerð brunahönnuðar dags. 2. nóvember 2018 fylgir.
Stækkun millipall og vörumóttöku. XX ferm. XX ferm. og XX rúm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.

11. Bræðraborgarstígur 23A (01.137.002) 100634 Mál nr.
BN052469

140268-4029 Irma Jóhanna Erlingsdóttir, Bræðraborgarstíg 23A, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri kjallaraíbúð ásamt því að gera björgunarop í kjallara og rishæð, franskar svalir og breyta gluggum á kvisti í rishæð í húsi á lóð nr. 23A við Bræðraborgarstíg.
Þinglýst afsal dags. 15. júlí 1999 og virðingargjörð frá 12. apríl 1951 fylgir erindinu.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

12. C-Tröð 5 (04.765.405) 112487 Mál nr.
BN055447

190364-2679 Hjörtur Sigvaldason, Kleifarás 13, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka hesthús með því að byggja kaffistofu á annarri hæð í austurenda hússins þar sem nú er hlaða í hesthúsi á lóð nr. 5 við C- Tröð.
Stækkun: 48,2 ferm., 117,1 rúmm.
Meðfylgjandi er samþykki eigenda dags. 22. október 2018 (9 af 10 eigendum).
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.

13. Efstaleiti 19 (01.745.201) 224636 Mál nr.
BN055438

681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi fyrir afmörkun á svæðum til skiltamerkinga fyrir þjónustu- og verslunarhúsnæði á úthlið mhl.01 og mhl.02 á lóð nr. 19 við Efstaleiti.
Fylgiskjal frá hönnuði sem sýnir staðsetningu skilta og breytingu texta í byggingarlýsingu fylgir erindinu.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.

14. Efstaleiti 19 (01.745.201) 224636 Mál nr.
BN055205
681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta BN052546 á þann hátt að fyrirkomulagi innréttinga og nettóstærðum innan einstakra íbúða er breytt í mhl.01 og mhl.02 á lóð nr. 19 við Efstaleiti, áður lóð nr. 2 við Efstaleiti.
Fylgirit, teikningar merktar með breytingu B, dags. 11. september 2018, með afmörkun á breyttum rýmum fylgir erindinu. Bréf hönnuðar, dags. 4. október 2018, með útskýringum á m.a. lagnastokkum innan íbúða og breytingum á útliti. Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
15. Eldshöfði 10 (04.035.303) 110540 Mál nr.
BN055446
601200-2280 Eignarhaldsfélagið Partur ehf, Eldshöfða 10, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051405 sem felst í breytingu á brunahólfun í húsi á lóð nr. 10 við Eldshöfða.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
16. Elliðabraut 4-6 (04.772.301) 195949 Mál nr.
BN055406
671106-0750 Þingvangur ehf., Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054252 þannig að innra skipulagi í bílakjallara og inngörðum hefur verið breytt í fjölbýlishúsum á lóð nr. 4-6 við Elliðabraut.
Erindi fylgir brunahönnun frá EFLU uppfærð 26. október 2018.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
17. Fjólugata 19 (01.185.513) 102203 Mál nr.
BN053919
060658-5019 Guðjón Ingi Árnason, Rauðarárstígur 31, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að hækka þak, stækka og endurnýja bílskúr og útbúa svalir á hluta þaks, lækka gólf í kjallara, grafa frá suðurhlíð og innrétta nýja íbúð þar, breyta aðkomu, byggja nýjar svalir á 2. hæð og í risi, breyta gluggum og innra skipulagi, einangra að utan og klæða með flísum hús á lóð nr. 19 við Fjólugötu. Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. september 2017.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 5. desember 2017, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 4. desember 2017 og minnisblað um brunavarnir dags. 9. nóvember 2017.
Einnig útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. febrúar 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. febrúar 2018, bréf til nágranna dags. 26. febrúar 2018, samþykki eiganda Sóleyjargötu 17, tveggja eiganda Sóleyjargötu 19, eiganda Sóleyjargötu 17, eins eiganda Sóleyjargötu 15 og eins eiganda Fjólugötu 19A, útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. júní 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2018, útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 29. júní 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2018, útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. ágúst 2018 ásamt fyrri umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2018, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 14. ágúst 2018, útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. nóvember 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018.
Gjald kr. 11.000

Frestað.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018.

18. Flókagata 56 (01.270.102) 103564 Mál nr.
BN055243
160760-2579 Einar Gautur Steingrímsson, Flókagata 56, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja sólstofu á þaki bílgeymslu í húsi á lóð nr. 56 við Flókagötu.
Stækkun: 18,3 ferm., 52,1 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
19. Freyjubrunnur 29 (02.695.503) 205733 Mál nr.
BN055445
651016-0880 Freyjubrunnur 29, húsfélag, Freyjubrunni 29, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að setja upp svalalokanir á svölum eignahluta 0201, 0202, 0301 og 0302 á lóð nr. 29 við Freyjubrunn.
Stækkun B rými á 3. hæð: xx,x ferm., 57,1 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og vísað til athugasemda.
20. Gerðarbrunnur 2-10 (05.056.401) 206052 Mál nr.
BN054702
540814-0230 Kjalarland ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tvö fjölbýlishús með alls 12 íbúðum á lóð nr. 2-10 við Gerðarbrunn.
Stærðir:
Mhl.01: A-rými 629,1 ferm., 2.192,7 rúmm. B-rými 145,3 ferm., 432,9 rúmm.
Mhl.02: A-rými 609,4 ferm., 2.139,5 rúmm. B-rými 166,9 ferm., 497,4 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. júní 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2018 og 5. október 2018.
Bréf umsækjanda ódags. fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
21. Haðaland 26 (01.863.401) 108801 Mál nr.
BN055262
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að síkka glugga og grafa frá suðurhlíð á 2. áfanga skólans, breyta áhaldageymslu í skrifstofu og innrétt hluta búningsherbergja sem áhaldageymslur sem og að setja upp fataherbergi fyrir frístundaheimili í skólabyggingu á lóð nr. 26 við Haðaland.
Erindinu fylgir bréf hönnuðar dags. 25. september 2018 ásamt lista yfir breytingar.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. október 2018 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Lagfæra skráningu.
22. Hallgerðargata 1 (01.349.302) 225428 Mál nr.
BN055390
411112-0200 Mannverk ehf., Dugguvogi 2, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja fjölbýlishús, fjórar hæðir og kjallara með 81 íbúð, ungbarnaleikskóla í hluta 1. hæðar og 68 bílastæði í kjallara á lóð nr. 1 við Hallgerðargötu.

Erindi fylgir minnisblað um hljóðvist frá Verkís dags. 22. október 2018 og minnisblað um burðarvirki frá Ferli dags. 24. október 2018.

Stærð, A-rými: 9.623,6 ferm., 34.812,4 rúmm.

B-rými: 580,44 ferm., xx rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

23. Haukahlíð 1 (01.629.102) 221262 Mál nr.
BN055415

450107-0420 Hlíðarfótur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt fjölbýlishús, fjórar og fimm hæðir með 34 íbúðum sem verða mhl. 04 á lóð nr. 1 við Haukahlíð.

Stærð, A-rými: 3.778,1 ferm., 11.795,5 rúmm.

B-rými: 198,1 ferm., 609,6 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

24. Haukahlíð 5 (01.629.602) 221261 Mál nr.
BN055330

610716-1480 Frostaskjól ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík

